

Stjórn Úrvinnslusjóðs
328. stjórnarfundur, fimmtudaginn 2. júní 2022 - kl. 8:30 -10:05
Suðurlandbraut 24

Fundargerð.

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB)(fjarverandi),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ).

GGG ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðast fundar

Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með áorðnum breytingum.

2. Verkefni framundan

Yfirferð yfir stöðu verkefna sbr. áður kynnti áætlun. Farið var nánar yfir stöðu mála á fundinum. Rætt um úrvinnslu ökutækja. Stjórn samþykkir að skoða nánar útfærslu á endurgjaldi vegna meðhöndlunar ökutækja í samráði við UOL. Bent var á að einhver brögð séu á því að tróð úr ökutækjum sé enn urðað, þó krafa sé um endurvinnslu. Farið var yfir fundi með Skattinum og Úrvinnslusjóði vegna drifrafhlaðna, þrepaskiptra gjalda ofl.. Sagt frá samskiptum við Skattinn vegna flotkvía í fiskeldi, þar sem að líkur eru á að flotkvíar muni falla undir samning um meðhöndlun veiðarfæra.

3. Flutningsjöfnun

Stjórn hefur rætt á fyrri fundum forsendur fyrir endurskoðun flutningsjöfnunar sem miðar við söfnun út frá tilteknum meðhöndlunarstöðum á landsbyggðinni til þjónustuaðila sem koma úrgangi til endurvinnslu. Forsendur um aksturlengdir, magn og aksturskostnað hafa verið skoðaðar nánar.

Farið var yfir forsendur útreikninga og kynnt líkan sem notað verður til að ákveða flutningsjöfnun. Kynnt var tillaga um breytingu á viðmiðunarpunktum (núllpunktar), meðhöndlunarstaði og söfnunarhringi innan sveitarfélaga til að safna úrgangi sem fellur undir sérstaka söfnun. Stjórn ræddi núllpunkta vegna mismunandi vöruflokka. Farið var yfir á fundinum á upplýsingar um kostnaðarauka Úrvinnslusjóðs vegna breytinga sem kynntar voru á fundinum á flutningsjöfnun fyrir mismunandi vöruflokka.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um viðmiðunarpunkta (núllpunkta) vegna flutningsjöfnunar Breytingar taki gildi 1. júlí 2022

4. Frauðplast

Framhaldið var umræðu um tillögu um breytt endurgjald fyrir meðhöndlun á frauðplasti í tilraunaverkefni Sorpu um söfnun og endurvinnslu á frauðplasti. Tilraunaverkefnið standi til loka september og þá liggi fyrir skýrsla um verkefnið sem leggi grunn að endurskoðun endurgjalds fyrir frauðplast.

Stjórn samþykkir að breyta endurgjaldi tímabundið fyrir meðhöndlun á frauðplasti. Greitt verði 120 kr/kg fyrir að pressa frauðplast sem flutt verði til endurvinnslu. Greitt verði 160 kr/kg fyrir endurvinnslu á ópressuðu frauðplasti innanlands. Breytt endurgjald gildir frá og með 1. apríl til með 30. september 2022.

5. Rekstur

Farið var yfir á fundinum að það er kominn hlekkur inná stjórnargátt fyrir yfirlit yfir rekstur síðasta árs m.v. rekstraráætlun og m.v. áætlun ársins sem kynnt var á síðasta stjórnarfund. ÁJ yfirtak fund kl 9:50.

6. Önnur mál

Formaður stjórnar sagði frá fundi sem hann sat ásamt fulltrúum Sorpu og Úrvinnslusjóðs, þar sem fjallað var um innleiðingu á nýju tunnukerfi við heimili á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn ræddi í framhaldinu mismunandi söfnun sveitarfélaga á flokkuðum úrgangi.